



Akraneskaupstaður  
B.t. Regínu Ástvaldsdóttur, bæjarstjóra  
Stillholti 16-18  
300 AKRANESI

Borgarnes, 10. ágúst 2016  
Tilvisun: 2016060042  
ÍA/

### Efni: Innnesvegur (þjóðvegur í þéttbýli) og Faxabraut

Undirrituðum hefur verið falið að svara ykkar erindi bréflega. Ég vil byrja á að biðjast velvirðingar á hvað dregist hefur að svara erindi ykkar, en það er vegna sumarleyfa starfsmanana Vegagerðarinnar. Varðandi Innnesveg er það eð segja að með breytingum á Vegalögum frá 1. Janúar 2008 er sett ný regla. „*Par sem stofn- eða tengivegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Undantekning frá þessar reglu er þar sem eru flugvellar/hafnir í grunnneti.*“

Í erindi frá 14. ágúst 2012, sem þið vísid í og er undirritað af Árna Múla og Þorvaldi Vestmann er vísað til ákvæðis í sveitarstjórnarlögum um að ekki skuli fáera verkefni til sveitarfélaga nema að undangengnu kostnaðarmati. Það er á ábyrgð ráðherra hverju sinni að framkvæma það. Sá galli er á þessari tilvitnun að færsla umræddra vega fór fram með setningu vegalaga 1. Janúar 2008, eða áður en tilvitnuð ákvæði voru sett.

Með breytingu á vegalögum nr. 14/2015 voru setti inn ákvæði til bráðabirgða „*Vegagerðinni er heimilt að semja við sveitarfélög um yfirlæsslu vega frá Vegagerðinni til sveitarfélaga sem færðust úr flokki stofnvega við gildistöku laga nr. 80/2007. Heimilt er að Vegagerðin annist veghald veganna eða semji við sveitarfélögin um það til ársloka 2019.*“

Það er skilningur okkar á nágildandi vegalögum frá 2008, eins og þeim var breytt, að vegir yrðu ekki endurbættir og færðir í nýjan flokk þegar þeim er skilað til sveitarfélaga. Einungis er um að ræða að vegi verði skilað í viðunandi horfi með tillit til viðhalds og þjónustu.

Allar meiriháttar breytingar á stofn- og tengivegum, hvort sem það eru nýir vegir í stað eldri vega eða endurbygging vega á sama stað, eru kostaðar af sérstökum fjárveitingum í vegáætlun þar sem einstök verkefni eru sérstaklega tilgreind. Engar slíkar fjarveitingar hafa legið fyrir varðandi Innnesveg á Akranesi frá því að hringtorgið við Esjugrund/Garðagrund var byggt árið 2003.

Varðandi Faxabrautina er því til að svara að Vegagerðin er nú þegar virkur aðili í umsögnum um skipulagsvinnu á Sementsreitnum og höfum við óskað eftir að haft verði náið samráð við okkur um gerð deiliskipulagsins á vinnslustigi þess.

Breytingar á Faxabrautinni og sjóvörnum við hana og mögulega kostnaðarþáttöku þarf að taka fyrir sérstaklega þegar efnisatriði liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

F.h. Vegagerðarinnar

Ingvi Árnason

Svæðisstjóri Vestursvæðis

Afrít.

Hreinn Haraldsson

Forstjóri Vegagerðarinnar